



Framan við bæinn í Vestur-Stafnesi. (Ljós. AM)

Þá var tekið að drífa að skip sem numið höfðu neyðarkall „Jóns forseta.“ Þau voru togararnir „Tryggvi gamli,“ „Ver,“ „Hafsteinn“ og „Gylfi“ og loks varðskipið „Pór.“ Bátar frá Sandgerði voru þarna líka. Öll reyndu þessi skip að dæla olíu og annarri feiti í sjóinn til þess að kyrra sjóinn í kring um „Jón forseta“, en þar sem vindur stóð af landi komu þessi ráð að engum notum og olfan barst burtu.“

### Áhafnarmenn klífa upp í reiðann

„En nú voru komnir til liðs við okkur menn frá Sandgerði. Man ég að meðal þeirra voru Stefán Jóhannsson, lengi formaður hér og

bróðir hans Jón Jóhannsson, Jóhannes Jónasson úr Garði og fleiri. Þeir fóru um borð í bátinn með okkur og þar með var haldið að strandstaðnum. Við komumst um miðja vegu milli lands og skips, en ekki lengra. Afréðum við þá að fara út að varðskipinu Pór, en þar fengum við tóg og litla línubyssu. Kom maður af varðskipinu með okkur í land, til þess að leiðbeina um meðferð línubyssunnar — en þess má þó geta að hún kom aldrei að notum þarna, því hún reyndist draga of skammt.

Fram að þessu höfðu mennirnir um borð í Jóni forseta hafst við í brúnni á skipinu, en nú var tekið að falla of mikið að og brotsjóir teknir að ganga yfir skipið. Áhöfnin á Jóni forseta mun hafa verið 25 manns, en

nú skiptist áhöfnin í tvo hópa þar sem margir tóku að tínast fram á hvalbakinn, og munu þeir hafa verið 14 talsins. Seinna frétti ég að það voru einkum yfirmenn skipsins og tveir af hásetunum sem eftir urðu í brúnni. Í fyrstu hafðist fyrrnefndi hópurinn við undir hvalbaknum, en fór svo að tínast upp á hvalbakinn þegar sjóirnir jukust. Þar höfðust þeir við um stund, en skömmu seinna sá ég að þeir höfðu gripið til þess ráðs að klífa upp í stjórnborðsvantinn í reiða skipsins. Þeir völdu stjórnborðsvantinn því skipinu hallaði og bakborðvanturinn stóð nær lóðrétt upp og erfiðara að halda sér í hann. Brúin var þá ekki enn farin af skipinu og þeir sem þar voru allir enn á lífi. Fyrsti maðurinn sem ég sá taka út var úr hópi þeirra á hvalbaknum: Hann stóð við framgálgann á skipinu og var að hjálpa þeim félögum sínum að komast upp í vantinn. En þegar hann hafði aðstoðað síðasta manninn við að komast upp og hann var orðinn einn eftir reið yfir slíkur brotsjór að hann hreif þessa kempu með sér. Þar með voru nú 13 af áhöfninni uppi í vantinum, en 11 í brúnni.

Klukkan hefur nú líklega verið um níu að morgni og bjart orðið af degi. En fljótlega eftir að mennirnir höfðu komist upp í vantinn fór brúin að brotna, en neðri hluti hennar upp að gluggum var úr járn, en efri hlutinn úr tré. Var brátt ekkert eftir af brúnni nema járnhlutinn og hurfu mennirnir sem þar voru smátt og smátt með sjónunum í hafið — allir með tölu. Um svipað leyti brotnaði skorsteinninn af skipinu og steypist í sjóinn. Stöku af bátunum fyrir utan náðu nokkrum mönnum, því þeir höfðu verið í lífbeltum — en því miður voru þeir þá dánir. Þeir voru fluttir um borð í Tryggva gamla, sem flutti þá til Reykjavíkur. Aðeins eitt lík rak á land þennan dag um nónbilid og var það lík vélstjórans.

En nú tók brimið sem betur fór að lægja nokkuð og þar með klífu menn niður úr vantinum og komu sér fyrir á hvalbaknum að nýju. Þeir losuðu bauju sem við höfðum séð að bundin var við vantinn, festu við hana tóg og köstuðu henni útbyrðis. Barst bauj-



Hér bendir Sigurbjörn út á Stafnesrifid, en meira að segja í lognviðri brýtur stöðugt á því. Rifid er aðeins um 300 faðma frá landi. (Ljós. AM)